

Tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna um stefnumótun um framtíðarskipan tónlistarnáms í Reykjavík:

Skóla- og frístundaráð leggur til að í samræmi við fyrirheit nýrrar menntastefnu Reykjavíkurborgar um eflingu listnáms verði hafin vinna við að móta stefnu um framtíðarskipan tónlistarnáms í Reykjavíkurborg með áherslu á jöfn tækifæri barna og ungmenna til tónlistarnáms, almennt aðgengi barna að tónlistarnámi óháð búsetu og efnahag, fjölbreytni varðandi framboð tónlistarnáms og kennsluhætti og aukið samstarf tónlistarskóla við leikskóla, grunnskóla, frístundamiðstöðvar og skólahljómsveitir í borginni. Lagt er til að skipaður verði stýrihópur með fulltrúum meirihluta og minnihluta sem fær það verkefni að leggja til leiðir til að mæta ofangreindum markmiðum sem rædd hafa verið á síðustu árum og misserum hvað varðar tónlistarnám barna og ungmenna í Reykjavík á vettvangi tónlistarskólanna og í skólum borgarinnar. Starfsmaður skóla- og frístundasviðs vinni með hópnum sem kalli til samstarfs fulltrúa tónlistarskóla, skólahljómsveita og aðra aðila frá vettvangi eftir þörfum. Stýrihópurinn skili niðurstöðum sínum fyrir 1. júní 2019.

Greinargerð:

Ný menntastefna Reykjavíkurborgar til 2030 var samþykkt samhljóða í borgarstjórn 20. nóvember 2018. Sköpun er einn af hornsteinum stefnunnar, einn fimm hæfnipáttar sem settir eru í forgang og mynda grundvöll stefnunnar. Í aðgerðahluta stefnunnar er sérstaklega vikið að listnámi og starfsemi listaskóla:

Tryggja á börnum jafnari tækifæri og aðgang að fjölbreyttu list- og verknámi í skóla- og frístundastarfi borgarinnar í samræmi við áhuga þeirra og hæfileika. Lögð verður áhersla á að auka jafnræði milli borgarhluta við dreifingu fjármagns til list- og verknáms. Einnig verður unnið að því að efla starf listaskóla og auka samstarf við framhaldsskóla um kennslu list- og verknáms.

Í samræmi við þessi ákvæði er hér lagt til að hafin verði vinna við að móta framtíðarsýn tónlistarnáms barna og ungmenna í borginni, þar sem sérstök áhersla verði lögð á jafnræði, aðgengi og fjölbreytni.

Stefnumótun um tónlistarfræðslu í Reykjavík var skýrsla starfshóps um fyrirkomulag tónlistarnámsins í borginni sem birt var í maí 2011. Leiðarljósið var að efla fagvitund, kostnaðarvitund, samstarf og jafnræði þegar kæmi að tónlistarnámi og öllu skipulagi tónlistarskóla í Reykjavík. Þar sagði meðal annars:

- skoða hvernig tónlistarskólar geti aðlagast nýjum aðstæðum í samfélaginu og boðið upp á sveigjanlegra og ódýrara tónlistarnám í samræmi við áherslur menntaráðs
- rýna með skólastjórum og kennurum sérstöðu hvers skóla og hvernig koma megi til móts við fjölbreyttar þarfir nemenda
- skoða hvernig hægt er að stórefla samstarf tónlistarskóla, leikskóla og grunnskóla

Þessar áherslur hafa verið undirliggjandi í umræðu um nokkurt skeið. Ákveðið ójafnræði í tónlistarnámi í borginni er staðreynd. Fjölbreytni í inntaki og námsleiðum hefur ekki tekið

stakkaskiptum, enda hafa tímar ekki verið auðveldir. Samdráttur kennslumagns í kjölfar hruns á Íslandi hefur ekki skilað sér að fullu til baka og nú eru starfandi 17 tónlistarskólar sem sinna þessu verkefni á grundvelli samnings við borgina. Stór hluti þessara skóla stenst ekki kröfur borgarinnar um lágmarksfjölda nemenda í hverjum tónlistarskóla. Hvatning til skóla til að sameina rekstur sinn með einum eða öðrum hætti hefur ekki borið árangur ef undan er skilin sameining tveggja tónlistarskóla í borginni á síðasta ári.

Stýrihópurinn hafi m.a. eftirtalin markmið að leiðarljósi og verkefni hans verði einkum að útfæra tillögur til að þjóna þeim:

Jafnræði: Misdreifing nýtingar á niðurgreiddum tækifærum til tónlistarnáms í borginni er áhyggjuefni og hefur verið um hríð. Í svari við fyrirspurn um það efni sem lagt var fram 12.sept.2018 er misdreifing fjármagns vegna tónlistarnáms sýnd með skýrum hætti. Skilgreina þarf grunnmarkmið borgarinnar hvað varðar möguleika til tónlistarnáms í hverfum hennar og skilgreina áfanga sem miði að því að jafna tækifærin í borginni í heild.

Fjölbreytni: Skólar breytast oft hægar en samfélögin sem þeir starfa í og gildir það líka um tónlistarskóla. Styðja þarf markvisst við viðleitni til að fjölga valmöguleikum og gera flóru tilboða í tónlistarnámi þannig að sem flest börn og ungmenni geti þar fundið, ef vill, eitthvað við sitt hæfi. Setja þarf fram hugmyndir til að efla samstarf tónlistarskóla við allt skólastarf, frístundastarf og skólahljómsveitir í borginni og hvernig megi styðja við það starf.

Aðgengi: Tryggja þarf að í boði séu tækifæri til tónlistarnáms sem ekki eru háð efnahagslegum þröskuldum fjölskyldna. Borgin hefur þegar tryggt yfir 500 börnum ódýrt en vandað nám í skólahljómsveitum. Taka þarf höndum saman um skipulagsbreytingar sem hafi það að markmiði að takmarka sem mest almennan rekstrar- og stjórnunarkostnað þannig að sem mest fjármagn sveitarfélagsins nýtist til kennslu og hægt sé að lækka framlög foreldra.